



# JAFNRÉTTISSTEFNA LANDSBANKANS

Landsbankinn fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Landsbankinn er vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn á eigin verðleikum og allir hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Landsbankinn skapar vettvang til virkrar umræðu og vitundar um jafnréttismál. Mismunun byggð á kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum eða þjóðerni er ekki liðin.

Megináherslur í jafnréttismálum eru:

- 1. Landsbankinn er vinnustaður þar sem karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.**
- 2. Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsfólks og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.**
- 3. Landsbankinn greiðir konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.**
- 4. Landsbankinn er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.**
- 5. Landsbankinn líður ekki einelti, fordóma, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni né kynbundið ofbeldi.**
- 6. Landsbankinn gætir þess að starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.**

Jafnréttisstefnan gildir fyrir bankann og sem liður í eigendastefnu bankans í dótturfélögum. Jafnréttisstefnan skal yfirfarin eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Reykjavík 25. október 2018

Lilja Björk Einarsdóttir  
Bankastjóri